

Dags eftirlits	15.5.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Rio Tinto á Íslandi	Eftirlitsmaður	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis	Gyða Ósk Bergsdóttir	Staðsetning	352084,248 397144,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit hjá Rio Tinto á Íslandi í kjölfarið á samráðsfundi með rekstraraðila og aðilum frá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis. Eitt frávik kom fram vegna merkinga á spilliefnum.

UMFANG EFTIRLITS

2.2 – Kerrekstur

Farið var yfir kerrekstur seinustu mánuði og ristíðni í kerum en PFC losun er reiknuð út frá heildartíma spennurisa í kerum. Skv. rekstraraðila hefur rekstur gengið vel og heildartími spennurisa farið niður síðustu ár þrátt fyrir að tíðni þeirra hafi aukist. Risin eru þá oftast en í vara í minni tíma en sjálfvirk ríseyðing í kertölvum sér um að eyða flestum spennurisum. Tíðni hefur einnig aukist en að sögn rekstraraðila er skortur á súráli á heimsmarkaði og erfitt að fá efni með góðri kornastærð og er efnið sem komið er ekki jafn auðleysanlegt og getur veldur spennirismum vegna þess.

2.3 – Hreinsun kergass

Farið var yfir tíðni stöðvana og skráningu stöðvana frá árinu 2016. Tíðni stöðvana hefur farið minnkandi en þær stöðvanir sem eru tilgreiningarskyldar til Umhverfisstofnanir eru yfir eina klst. skv. gr. 4.5 í starfsleyfi. Árið 2016 voru stöðvanir 6 talsins og 4 stöðvanir voru í fyrra en engin stöðvun hefur verið tilkynningarskyld það sem af er af þessu ári. Skv. rekstraraðila má rekja stöðvanir til byrjunarörðugleika á nýjum þurrhreinistöðvum. Lokaprófanir eftir uppsetningu á nýjum rofabúnaði og stýrikerfisbreytingum fer fram í byrjun júní en þá verður hermt eftir bilun til að kanna virkni búnaðarins.

2.7 – Reykháfur

Rætt var um hæð reykháfa, útblásturshraða og hitastig í reykháfi en krafan er sú að tryggt verði að ákvæði um loftgæði og þynningarsvæði séu uppfyllt. Í hönnun reykháfsins er stuðst við loftdreifilíkön sem ákváðar svo hæð reykháfsins og útblásturshraða.

2.15 – Förgun framleiðsluúrgangs

Farið var yfir aðlögunaráætlun og áhættumatsgreiningu fyrir förgun framleiðsuúrgangs í flæðigryfju. Meginhluti úrgangsefna sem fer í flæðigryfju er kerbrot sem og er blandað saman við skeljasand til að hlutleysa efnið. Umhverfisstofnun hefur komið skilaboðum áleiðis að flæðigryfjur sé ekki lausn til frambúðar en ekki liggur fyrir aðrar leiðir til förgunar á þessum tímamarki.

4.3 – Umhverfisstjórnun og markmið

Farið var yfir umhverfisstjórnunarkerfi sem er eitt af megináherslum eftirlits stofnunarinnar í ár. Rekstraraðili vinnur eftir og er með vottun fyrir ISO14001. Einnig er fyrirtækið með ISO9001 og OHSAS 18001. Rekstraraðili setur sér yfirmarkmið á hverju ári og ásamt því setja einstaka stöðvar með einstaka verkhluta setja sér sín eigin markmið, s.s. kerskálar, steypuskáli og þurrhreinisvirki.

Önnur mál

Rætt var um spilliefni og móttökuaðila og samstarfsþróunarverkefni um nýtingu úrgangs sem er nú í gangi. Einnig var rætt um skilgreininguna á aukaafurðum og úrgangi en eina aukaafurðin sem fer frá rekstraraðila er raflausn.

Að lokum var farið í skoðunarferð um svæði en farið var yfir geymslu spilliefna og aðstæður skoðaðar. Í lok eftirlits var farið í enda kerskála.

Frávik frá

8. gr. frá reglugerð 806/1999 um spilliefni

Lýsing á fráviki

Umbúðir spilliefna skal merkja á viðeigandi hátt. Á lóð rekstraraðila voru geymdar opnar tunnur með úrgangsolíu sem stóðu ómerktar.

ANNAÐ

Rekstraraðili hefur komið því á framfæri við stofnunina að venjan sé sú að fara með úrgangsolíutunnur í olíuport þar sem merkingar eru til staðar. Vegna mistaka hjá kersmiðjunni misskildi einn starfsmaður fyrirmæli og fór með olíutunnurnar á rangan stað. Rætt hafði verið við starfsmanninn og málið tekið upp á öryggisfundi. Frávikinu telst því lokað en aðstæður verða kannaðar í næsta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.06.2018


Einar Halldórsson